

Borgarstjórn Reykjavíkur
21. apríl 2015

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um samráð við foreldra við ráðningar skólastjórnenda:

Lagt er til að eftirfarandi málsgrein bætist við 10. gr. samþykktar um skóla- og frístundaráð:

Við ráðningu í stöðu skólastjóra og leikskólastjóra skal skóla- og frístundasvið gefa foreldrafélagi og skólaráði/foreldraráði viðkomandi skóla kost á virku samráði um málið. Þar sem ráðning skólastjóra eða leikskólastjóra stendur fyrir dyrum, skal gefa stjórn viðkomandi foreldrafélags og skólaráði/foreldraráði kost á að hitta að máli þá umsækjendur, sem metnir hafa verið hæfastir, til að kynnast sýn þeirra á starfið. Heimilt er að hafa slíkan fund opinn öllum foreldrum viðkomandi skóla. Að undangengnu slíku samráði er þessum aðilum, þ.e. stjórn foreldrafélags og skólaráði/foreldraráði, heimilt að skila umsögn til skóla- og frístundasviðs með álitum um hvaða umsækjandi sé hæfastur til að gegna viðkomandi starfi. Umræddum aðilum er einnig heimilt að skila umsögn til sviðsins án þess að mælt sé með ákveðnum umsækjanda en með ábendingum um hvaða atriði sé æskilegt að leggja áherslu á þegar ráðið verður í stöðuna með tilliti til aðstæðna í umræddum skóla og vilja foreldra.